

ÞITT
EINTAK

SIRKUS

26. MAÍ 2006 | 21. VÍKA

BURN COCA-COLA PARTÍ
**KOSTAR TÍU
KÚLUR**

SIGRÚN BENDER
DANSAR
MACARENA

90'S
HIÐ NÝJA
80'S

LÍFIÐ EFTIR ÚTSKRIFT
STÚDENTAR Á
KROSSGÖTUM

SUNGIÐ Á
NÆRBUXUNUM

**„ÉG HEF ALDREI
VERIÐ FYNDINN“**

BARÐI JÓHANSSON ÚR BANG GANG SENDI Á DÖGUNUM FRÁ SÉR KLASSÍSKA VERKIÐ HAXAN SEM HANN TÓK UPP ÁSAMT 80 MANNA
BÚLGARSKRI SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT. VERKIÐ TÓK KAPPANN TVÖ ÁR Í SMÍÐUM OG GAGNRÝNENDUR HALDA VART VATNI YFIR ÞVÍ.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

FYRR MÁ NÚ ROTA... 90'S HEFUR LÖNGUM ÞÓTT EINHVER HALL-ÆRISLEGASTI ÁRATUGUR MANN-KYNSSÖGUNNAR – ÞÁ EINNA HELST ÞVÍ HANN VAR FREMUR STÍLLAUS. ÞEGAR TÍMINN LÍÐUR OG HORFT ER UM ÖXL BREYTAST VIÐMIÐIN. ÞAÐ MUN SANNAST NÚNA UM HELGINA.

„Það er búin að vera alveg rosaleg 90's stemning í vetur,“ segir Curver Thoroddsen sem ætlar að halda 90's partí á Bar 11 annað kvöld ásamt Kiki-Ow sem er bresk díva sem nýlega fluttist til landsins. Yfirskriftin er Vote 90's – enda kosningakvöld á morgun.

SPILAR TÓNLIST SEM HANN HATAÐI

Curver hefur sjálfur verið að spila lög frá tíunda áratugnum í allan vetur við góðan orðstír. „Ég er með Scatman og I like to move it og fleira gott,“ segir Curver og hlær. „Ég er að spila tónlist sem ég hataði þegar ég var unglingur. Núna finnst mér þetta fyndið og flott. Það var eins með 80's. Ég man að fyrst skildi ég ekkert af hverju fólk var farið að fíla það. Manni fannst þetta alveg hræðilegt þar til maður fór að meta það,“ segir hann.

HVÍTAR SMEKKBUXUR OG BROSKALLAR

Bar 11 verður allur morandi í „glow sticks“ sem voru geysivinsæl á tíunda áratugnum. „Við hvetjum fólk til þess að mæta í bolum með brosköllum, hvítum smekkbuxum og öðru í þeim dúr,“ segir Curver. Það verður Curver sem sér um Scatman en Kiki mun sjá um að spila öll gömlu góðu reiflögín sem trylla lýðinn hvar sem þau eru spiluð.

90'S IS THE NEW 80'S

Níundi áratugurinn hefur ekki þótt flottur hingað til. Oft er meira að segja talað um að það sem er hallærislegt sé – 90's. Nú virðist annað vera komið upp á teninginn og hefur Curver svarið við því. „90's is the new 80's,“ segir hann og hlær. Það er frítt inn á Bar 11 á þetta kvöld og ætti því enginn að láta þetta framhjá sér fara.

soli@minnsirkus.is



Sirkus-mynd E. Ól.

CURVER KEMUR MEÐ SCATMAN.

90'S


ER ORÐIÐ TÖFF



KIKI-OW SÉR UM REIFTÓNLISTINA.

Sirkus-mynd Valli

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus á auðvelt með að setja sig í spor annarra og það á við til dæmis í þessu tilviki. Sirkus skilur vel pínuna sem fylgir því að vera með stöðugan hausverk og því viljum við að sem flestir prófi TheraPatch-höfuðverkjaplásturinn. Þetta er víst kraftaverk hvað varðar óþægindi í höfði og ennisholum. Ef migreni, höfuðverkur eða óþægileg spennu hrjáir þig, settu þá kælandi TheraPatch-plásturinn beint á ennið, undir augun, við gagnaugun eða aftan á hálsinn. Þetta er eitthvað sem borgar sig að prófa.



Sirkus mælir sterklega með smá tónleikahaldi með öllu hinu, helgin er ekkert án tónlistar. Heavy Trash (jon spencer) + gestir eru á Nasa í kvöld og það er svo sannarlega sjóv sem svikur engann. Það eru hinir ýmsu tónlistarmenn sem stíga á stokk og munu ekki valda gestum og gangandi vonbrigðum.



Sirkus er ekki yfir sig hrifið af flókatrípum, það er ekki smart að láta bara hárið á sér síkka og svo síkka aðeins meira. Sitt hár sem er fallega klippið er alltaf mjög aðlaðandi en einhverjir lokkar sem þynnast hægt og rólega niður bakið er ekki kúl. Það er sumar og sumarið er tíminn til að fríska aðeins upp á útlitið og breyta til. Takið til í hausnum á ykkur, ekki bara heima hjá ykkur.



Sirkus mælir með útskriftarsýningu ljósmyndanema Sissu sem er á morgun á Hólmaslóð 6 sem er húsnæði skólans. Þar verða ljósmyndir eftir nemendurna og þar getur fólk fengið upplýsingar um námið og annað eins. Áhugaljósmyndarar, atvinnuljósmyndarar og allir áhugasamir og forvitnir einstaklingar ættu að drífa sig.

SIRKUSÁVARPIÐ

VIRÐINGARVERÐ ÞRAUTSEIGJA

Barði Jóhannsson hefur alltaf komið mér fyrir sjónir sem furðufugl. Eflaust hefur hann virkað þannig á marga aðra. Á dögunum gaf hann út klassíska tónverkið Haxan sem hann var í tvö ár að vinna að. Það kallar maður þrautseigju. Að nenna að vera að garfast í sama verkinu í tvö ár og taka sénsinn á því að það floppi gjörsamlega. Það gerði Barði en sem betur fer eru gagnrýnendur gjörsamlega að missa sig yfir þessari snilld sem hann kokkaði upp ásamt Þóri Baldurssyni og búlgarskri sinfóníuhljómsveit. Ég held að við ættum öll að taka okkur Barða Jóhannsson til fyrirmyndar. Hann hélt í metnaðinn sem hann hafði fyrir þessu tónverki og uppskar. Það þurfa allir að gera. Fylgja hugmyndum sínum eftir og láta þær verða meira en bara hugdettu í heita pottinum. Þannig sigrum við öll. Eða lendum allavega í öðru sæti því það geta ekki allir unnið.

Sólmundur Hólm



SIRKUS[®]

365


Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Hörður Jóhannesson
hordur.johannesson@365.is
Ritstjóri: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðuna prýðir Barði Jóhannsson tónlistarmaður.

EFNI

- 4 – Sigrún Bender tekin í bakariíð
- 6 – Herbjálfun í Sporthúsinu
- 7 – Lífið eftir menntaskólann
- 8-9 – Barði á ferðalagi um hugann
- 14 – Hvernig týpa ertu?
- 18 – Seth Sharp ætlar að syngja á morgun
- 21 – Iðnskólanemar með útskriftarsýningu
- 22-23 – Svamlað í Sundhöllinni
- 26-28 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
- 31 – Gillzenegger svarar aðdáendum



NÝTT

**Með karmellu-eða
tíramísú bragði**



editions

**Eins og þú
vilt hafa það!**

YFIRHEYRSLAN

SIGRÚNU BENDER SKAUT FYRST FRAM Á SJÓNARSVIÐIÐ ÞEGAR HÚN VAR KJÖRIN UNGFRÚ REYKJAVÍK ÁRIÐ 2004. SÍÐAN ÞÁ HEFUR HÚN VERIÐ ÁBERANDI Á SÍÐUM BLAÐANNA EN NÚ SÍÐAST SLÓ HÚN HREINLEGA Í GEGN ÞEGAR HÚN STJÓRNAÐI ÞÆTTINUM „LEIÐ- IN AÐ TITLINUM“ Á SKJÁ EINUM. SIRKUS TÓK SIGRÚNU Í BAKARÍÐ.

KANN ENNÞÁ MACARENA-HREYFINGARNAR



DESPERATE HOUSEWIVES EÐA LOST?

Desperate Houswives, þetta eru snilldarþættir.

HVAÐ MYNDIR ÞÚ GERA EF ÞÚ VÆRIR BÆJARSTJÓRI Í HAFNARFIRÐI Í EINN DAG?

Ég myndi efla æskulýðsstarf í bænum.

DANSARÐU ENNÞÁ MACARENA?

Nei en ég gæti alveg dansað hann ennþá. Ég kann hreyfingarnar.

ÓTTAÐIST ÞÚ AÐ VERÐA VALIN VIN-SÆLASTA STÚLKAN?

Nei ég óttaðist það ekki. Ég var frekar ósátt við að hafa ekki unnið þann titil.

ERT ÞÚ Í TÍU ÞÚSUND FETA KLÚBBNUM?

Nei ég er ekki þar.

LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?

Ein af mínum bestu vinkonum var að bjóða mér í afmæli til sín.

EF ÞÚ FENGIR AÐ VELJA EINA MANN-ESKJU Í MANNKYNSSÖGUNNI TIL SOFA HJÁ, HVER YRÐI FYRIR VALINU?

Ég hef ekki heimild til að svara þessari spurningu.

FH EÐA HAUKAR?

FH auðvitað.

YFIR HVAÐA MYND GRENJAÐIR ÞÚ SÍÐAST?

Notebook hún var svo sorgleg.

ERTU TAPSÁR?

Já svolítið en ekki mikið samt.

FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR EF EINHVER ÓFRÆGUR

REYNIR VIÐ ÞIG?

Nei ég lít bara á það sem hrós.

EF ÞÚ FENGIR TÆKIFÆRI TIL AÐ HITTA UNNI BIRNU, AÐ HVERJU MYNDIRÐU SPYRJA HANA?

Ég er alltaf að hitta Unni Birnu þannig að ég myndi líklega spyrja hana bara hvernig hún hefði það. Annars er þetta frekar asnaleg spurning.

SKIPTIR STÆRÐ MÁLI?

Það fer eftir því hvað er verið að tala um.

HVORT FINNST ÞÉR SILVÍA NÓTT EÐA BJARNI TÖFRA-MAÐUR FYNDNARI?

Silvía Nótt.

BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆL-ANDA

Flugvél eða lest?

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkusmynd – Höður Sveinsson

Sirkusmenn segjast ekki kunna því vel þegar þeir fara í sund og sjá stelpur í ósamstæðu bikiní. Passa þær ekki í báða hlutana hugsa þeir, eða spyrja sig: „Af hverju þessi skrípalæti?“ Eins og þeir orðuðu það þá er þetta ekki sexi, þetta er bara skelfilegt og þeir hata þetta. Þeir segja þetta það síðasta sem strákar vilja hugsa um áður en þeir fara að sofa.



Sirkus og núna er það blaðið eins og það leggur sig mælir svo sannarlega ekki með því að stúdentar fari down town með húfuna. Það er ekki kúl að vera inn á stað og svo sést glitta í hvíta húfu. Hópur af hvítum útskriftarhúfum kemur svo miklu í gang í hausnum á fólki þannig að hvílið ykkur aðeins nýstúdentar og geymið hana heima eða týnið henni á leiðinni niður í bæ.



Sirkus mælir svo sannarlega ekki með of miklu sjónvarpsglápi á kvöldin, það er hægt að gera nóg af því á veturna á þessum kalda klaka. En nú er sumar og sól í hjarta og við ættum að vera úti meðal fólks, fara á kaffihús, tónleika og styrkja mannlíf og menningu. Setjið sjónvarpið á pinkulítið hold, Sirkus elskar sjónvarp en ekki sjónvarpskartöflur allan ársins hring í alvöru. Minnkið áhorfið um nokkra þætti og veljið einn yfir kvöldið ekki alla dagskrána eins og hún leggur sig.

FØROYAR SPÆLA LANDSDYSTIR ÍMÓTI ÍSLANDI



4

Um vikuskiftið skal færeyska manslandslíðið í flogbólti spæla tveir landsdystir ímóti Íslandi. Fyrri dysturin verður í Havn leygardagin og tann seinni sunnudagin í Klaksvík. Komandi vikuskiftið skal manslandslíðið í flogbólti leika tveir landsdystir ímóti Íslandi í Føroyum. Fyrri dysturin verður leygarkvöldið kl. 19,00 í Høllini á Hálsi í Havn, og seinni dysturin verður sunnudagin á Norðoyastevnu í KÍ-høllini kl. 15,30. Dystirnir eru liður í fyrireik-

ing hjá manslandslíðnum í flogbólti til EM-undankapping, sum verður í Norðurlandi um mánaðarskiftið juni-juli. Færeyska manslandslíðið til vikuskiftið verður úttikið eftir venjingar í morgin, og eru allir útlendsku leikararnir heima í Føroyum í hesum sambandi. Seinast liðini móttust var í EM-undankapping í Skotlandi í desember 2003, tá Føroyar vann 3-0 við settmuninum 25-22, 26-24 og 25-20. Venjari hjá manslandslíðnum er íslendingurin Magnus Aðalsteinsson og Suni Hansen er hjálparvenjari.



UM VIKUSKIFTIÐ SKAL FØROYSKA MANSLANDSLIÐIÐ Í FLOGBÓLTI SPÆLA TVEIR LANDSDYSTIR ÍMÓTI ÍSLANDI.

FÆREYSKA FRÉTTIN

Sirkusmynd – Tóbiás Sveinbjörnsson

LOKSINS LOKSINS LOKSINS

Hollywood þægindi á Íslandi!



Hann er til leigu!

- Hentar vel við ýmis tækifæri, svo sem afmæli, brúðkaup og fundi
- Tekur 17 farþega
- Lystisnekkja á hjólum

GOLD LIMO

SÍMI 897 0930 • goldlimo@goldlimo.is

UM 40 MANNS ERU NÚ Í SVOKALLAÐRI HERÞJÁLFUN HJÁ ÞEIM AGLI EINARSSYNI, ELMARI FREY ELÍSSYNI OG BJARNEYJU BJARNADÓTTUR, EINKAÞJÁLFURUM Í SPORTHÚSINU Í KÓPAVOGINUM. NÁMSKEIÐIÐ ÞYKIR MEÐ EINDÆMUM ERFITT EN ÞJÁLFAARNIR LOFA ÞÁTTTAKENDUM AÐ ÞEIR KOMIST Í FORM EF ÞEIR LIFA ÞETTA AF, EINS OG EGILL EINARSSON, EINN ÞJÁLFAARA Á NÁMSKEIÐINU ORÐAÐI ÞAÐ. SIRKUS REYKJAVÍK HEIMSÓTTI NÁMSKEIÐIÐ ÞAR SEM KRAKKARNIR FÁ EKKI LENGUR AÐ KALLA ÖMMU SÍNA ÖMMU.



AF STAÐI ELMAR OG EGILL HITA KRAKKANA UPP FYRIR HERÞJÁLFUN. ÞJÁLFUNIN ÞYKIR ERFIÐ OG STRAX HAFNA NOKKRIR HELST ÚR LESTINNI VEGNA ÁLAGS.

EF ÞÚ LIFIR ÞETTA AF ÞÁ KEMSTU Í FORM

„Þetta er einfalt; ef þú lifir þessa herþjálfun af, þá kemstu í form,“ segir Egill Einarsson, einn af þremur þjálfurum á svokölluðu Herþjálfunarnámskeiði sem Sporthúsið í Kópavogi stendur fyrir. „Það fylltist strax hjá okkur og rúmlega það. Nú þegar hafa nokkrir þátttakendur hætt því þessi námskeið eru ekki fyrir hvern sem er. Það þarf gríðarlegan viljastyrk og þrjósku til að standast álagið hér,“ segir Egill en námskeiðið stendur yfir í sex vikur og er þetta fyrsta námskeið nú hálfnað.

„Þetta er það vinsælt að það verða örugglega fleiri námskeið. Hér fá allir útrás og rúmlega það. Þetta snýst ekki bara um að eyða fitu og byggja upp vöðva heldur einnig þol. Þá látum við þau halda matardagbók og ráðleggjum þeim hvað mætti betur fara auk þess sem þátttakendur eru mældir í bak og fyrir áður en námskeiðið hefst.“

Egill segir þjálfarateymið afar skemmtilegt. Ég held að við þrjú virkum vel saman. Ég er þessi kynæsandir einkaþjálfari sem er bæði hress og skemmtilegur en einnig harður. Bjarney Bjarnadóttir er góða stelpa sem hugsar vel um fólkið en Elmar Freyr er alveg kexruglaður. Hann er án efa sá harðasti í bransanum. Fólkið á námskeiðinu fær martraðir við að hugsa um hann. Sem er mjög jákvætt enda erum við ekki þarna til að eignast vini heldur til að hjálpa fólki að komast í betra form og líða betur,“ segir Egill og minnir á að námskeiðin séu fyrir bæði kynin en hingað til hafa stelpurnar mætt betur. „Þær eru einfaldlega harðari og hugsa betur um sig en kallarnir.“

hjorvar@minnsirkus.is



UPP MEÐ YKKUR! ÞÁTTTAKENDUR ÞURFA AÐ HLAUÐA UPP HELLING AF TRÖPPUM ENDA STYRKIR ÞAÐ OG STINNIR RASS OG LÆRI.



HÁRÐURRUMEDFERÐIN FRÆGA! ÞEIR EGILL OG VILLT WRX SLÓGU Í GEGN Í FRÆGU MAKE OVER Í FYRRA.



HALDAAAAA!!! EGILL SÉR TIL ÞESS AÐ ENGINN SVINDLI OG FYLGIST VEL MEÐ!



ANTIKRISTUR! ELMAR ER AÐ MARGRA MATI HARÐASTI EINKAÞJÁLFARI SEM FYRIRFINNST Í DAG. EF HANN SEGIR ÞÉR AÐ GERA HUNDRAÐ MAGAÆFINGAR, ÞÁ GERIRÐU HUNDRAÐ EN EKKI NÍÚTÍUOGNÍU.

LÍFÐ EFTIR MENNTASKÓLANN

ÞAÐ ER SKEMMTILEGUR OG MERKUR ÁFANGI AÐ VERÐA STÚDENT. ÞESSI TÍMAMÓT ERU ÞÓ EKKI TÓM SÆLA. MARGIR LENDA Í MIKILLI KRÍSU ÞEGAR ÞEIM ER KIPPT ÚT ÚR ÞESSU VERNDAÐA UMhverfi sem framhaldsskólinn er og fyrsta árið eftir útskrift er nánast óbærilegt. Sirkus náði tali af þremur útskriftarnemum sem kveðja skóla sína með trega – en eldmóð.



Á EFTIR AÐ SAKNA ATHYGLINNAR

„Ég er nú búinn að vera hérna í dágóðan tíma þannig að ég er vel búinn undir að takast á við lífið utan menntaskólans,“ segir Jón Eðvald Vignisson sem útskrifast úr Menntaskólanum í Reykjavík í dag. Jón Eðvald er fæddur árið 1984 og hefur því ekki tekið námið á neinu hundavaði. „Ég hætti í skólanum á tímabili þannig að þetta dróst á langinn,“ segir Jón sem hefur verið áberandi í félagslífi Menntaskólans í Reykjavík. Hann var til að mynda í ræðuliði skólans sem komst í úrslit í Morfis – ekki síst fyrir tilstilli Jóns sem lét gamminn geysa með góðum árangri. „Ég var mjög feiminn þegar ég byrjaði í þriðja bekk og þorði varla að tala við stelpur. Svo fór ég í leikfélagið og smátt og smátt tók maður meiri þátt í félagslífinu,“ segir Jón. Áberandi menn fá mikla athygli í litlum samfélögum líkt og menntaskólum. „Ég á eftir að sakna athyglinnar,“ viðurkennir Jón sem ætlar þó að reyna að fá hana á öðrum sviðum. „Við erum nokkrir vinirnir búnir að stofna hljómsveit þannig að maður stefnir á að vera áfram á sviði. Mér líður best þegar það eru minnst þúsund manns að horfa,“ segir hann kíminn. Næsta árið ætlar Jón Eðvald að taka sér frí frá námi en að því loknu stefnir hann á að nema arkitektúr. „Það er allavega planið í dag,“ segir Jón meðvitaður um að slík áform eru háð breytingum. „Ég hef lært mikið á þessum árum. Þótt það sjáist ekki á einkunnaspjaldinu.“


TÁR EIGA EFTIR AÐ FALLA

„Það eiga eflaust eftir að falla einhver tár við útskriftina,“ segir Diljá Mist Einarsdóttir, sem útskrifast frá Verslunarskólanum á laugardaginn aðspurð hvort það verði ekki erfitt að horfa á eftir menntaskólaárunum.

„Þetta voru mjög skemmtileg ár. Ég byrjaði þarna bara sem hinn almenni nemandi en fór síðan að láta að mér kveða í félagslífinu og ég lærði ekki síður á því en sjálfu náminu.“

Öfugt við marga nýstúdenta kvíðir Diljá ekki lífinu utan veggja Versló. Hún er búin að ákveða framhaldið. „Ég ætla í lögfræði í Háskóla Íslands. Ég hef heyrt að félagslífið þar sé ekkert síðra og svo er þar stúdentapólitík sem dregur að,“ segir Diljá Mist og blaðamann grunar að Íslendingar eigi eftir að heyra þetta nafn oftár í framtíðinni.

Hefðirðu viljað hafa menntaskólaárin færri eins og nú er lagt til? „Nei það er bara algjört rugl. Þess í stað á frekar að stytta grunnskólann sem er alltof langur. Það má alls ekki fækka menntaskólaárunum.“



SPENNTUR FYRIR TÍMAMÓTUNUM

Mér líst bara mjög vel á að útskrifast. Ég er kominn inn í Listaháskólann þar sem ég ætla að nema tónsmíðar. Ég er mjög spenntur fyrir þessum tímamótum. Það er gott að breyta til og maður verður betri manneskja við að prófa nýja hluti,“ segir Helgi Rafn Ingvarsson, sem er að útskrifast úr Menntaskólanum við Hamrahlíð um helgina.

Það var samt helvíti gaman að þessum menntaskólaárum. Ég er úr Kópavoginum og allir mínir vinir fóru í MK. Ég var hins vegar rebel og ákvað að fara aðra leið og sé svo sannarlega ekki eftir því. Það tók smá tíma að kynnst fólkinu því í MH er áfangakerfi. En síðan batnaði það og mér hefur líkað mjög vel hér í MH.

Á svo að djamma með stúdentsshúfunu á laugardaginn? „Ég veit það ekki. Ég var einmitt að ræða þetta við félagaminn. Ég þarf að leggja þetta í nefnd,“ segir Helgi Rafn verðandi stúdent frá Menntaskólanum í Hamrahlíð.

„ÉG HEF
ALDREI
VERIÐ FYNDINN“



8

„TÓNLISTIN ER EKKI MJÖG ÚT-
VARPSVÆN. EN ÉG ER SAMT VISS
UM AÐ EITTHVAÐ AF ÞESSUM LÖG-
UM VERÐI Á SAFNPLÖTUNNI
SVONA ER SUMARIÐ 2006 EÐA
JAFNVEL Í ELDHÚSPARTÍI FM957.“

TÓNLISTARMAÐURINN BARÐI JÓ-HANSSON SENDI NÝLEGA FRÁ SÉR SÍNA FYRSTU KLASSÍSKU PLÖTU, HAXAN. UM ER AÐ RÆÐA HÁ-KLASSÍSKA TÓNLIST Í DRUNGALEG-UM STÍL. PLATAN VARÐ TIL FYRIR TILSTUÐLAN KVIKMYNDAHÚSS Í FRAKKLANDI SEM BAÐ TÓNLISTAR-MANNINN UM AÐ GERA NÝJA TÓN-LIST FYRIR ÞÖGLU MYNDINA HÄXAN FRÁ ÁRINU 1922. HJÖRVAR HAFLIÐASON SETTIST NIÐUR MEÐ BARÐA OG DRAKK SÚPERDÓS Á MEÐAN TÓNLISTARMAÐURINN SAGÐI HONUM FRÁ HAXAN, PLÖT-UNNI SEM TÓK TVÖ ÁR Í VINNSLU OG GAGNRÝNENDUR Í FRAKKLANDI HALDA EKKI VATNI YFIR.

Ég hef ekki hugmynd um af hverju ég var fenginn til að gera tónlistina fyrir þessa mynd. Mig grunar samt að það hafi hjálpað til að skipu-leggjendurnir voru miklir aðdá-endur Bang Gang plötunnar, Something wrong. Ekki ólíklegt að það hafi haft eitthvað með það að gera,“ segir Barði Jóhannsson tónlistarmaður. Í síðustu viku kom út platan Haxan sem er fyrsta klassíska verk Barða til þessa.

Tilurð plötunnar var með heldur undar-legum hætti. Frumflutningur á verkinu fór fram í kvikmyndahúsinu Forum des Images of Paris árið 2004. Var verkið flutt „live“ við sýningu myndarinnar ásamt tveimur fiðl-um, áslætti, gítar og rafhljóðum. Var þessi frumflutningur partur af seríu þar sem tón-listarmenn voru fengnir til að semja nýja tónlist við þöglar myndir.

Í kjölfar þessarar upptöku var Barða boðið að taka þátt í Vetrarhátíð Reykjavíkur og var verkið flutt þar af Sinfóníuhljómsveit Íslands í útsetningu Þóris Baldurssonar. Verkið skiptist í 7 hluta og útsetti Þórir 6/7 en Barði sjálfur 1/7.

BARÐI TIL BÚLGARÍU

Sumarið 2005 ákvað Barði að halda til Búlgaríu og taka upp verkið með sinfóní-hljómsveit ríkisins þar í landi. En af hverju Búlgaría? „Ég hafði heyrt að hljómsveitin þar væri góð, sem reyndist rétt. Það var frá-bært að vinna með þessu fólki og gekk miklu betur en ég þorði að vona.“

„ÞAÐ SEM ÉG LEITAÐIST EFTIR Í GERÐ PLÖTUNNAR VAR AÐ NÁ AÐ FANGA ÞESSAR FALLEGU ÚT-SETNINGAR ÞÓRIS. REYNA AÐ BÚA TIL GEISLADISK SEM HÆGT ER AÐ SPILA Í GEGN OG FARA Í FERÐALAG Í HUGANUM. LÍKAM-INN ÞARF EKKERT ENDILEGA AÐ HREYFAST. EN ÞAÐ ER EKKERT BANNAÐ.“

En hvernig kom þetta upp? Fórstu bara á google.com og leitaðir að sinfóníuhljóm-sveit?

„Nei. Ég komst í tengsl við búlgörsku sin-fóníuhljómsveitina í gegnum eitt af um-boðsfyrirtækjum mínum. Þessi hljómsveit hefur sérhæft sig í að spila kvikmyndatón-list. Ég hafði kynnt mér þetta vel og hlustað á upptökur þeirra enda bókar held ég eng-inn áttatíu manna sinfóníuhljómsveit í Búlgaríu í einhverju rugli, þetta er ekkert eins og að panta pitsu,“ segir Barði.

Varst þú þá gæinn með prikið sem stjórnaði allri hljómsveitinni?

„Nei, þá hefði allt farið í vitleysu. Ég ræð ekkert við svoliðis,“ segir Barði. „Ég hef ekki þekkinguna til að stýra fólki með hönd-um og priki.“

GAGNRÝNENDUR HALDA EKKI VATNI

Gagnrýnendur hafa hlaðið hrósi á Haxan. Frönsku tímaritin Force parallèle, MusiQu-alité og Evene gefa plötunni hæstu einkunn. Barði segist hins vegar ekki vera að búa til tónlist fyrir gagnrýnendur. „Það sem ég leit-aðist eftir í gerð plötunnar var að ná að fanga



þessar fallegu útsetningar Þóris. Reyna að búa til geisladisk sem hægt er að spila í gegn og fara í ferðalag í huganum. Líkaminn þarf ekkert endilega að hreyfast. En það er ekkert bannað. Þegar ég geri músík hugsa ég fyrst og fremst um að ég sé ánægður.

En auðvitað er það gaman að einhverjum öðrum þyki það skemmtilegt sem maður er að gera. Ég er á því að ef maður gerir eitt-hvað vel og vandar sig við það og finnst það sjálfum skemmtilegt, þá finnst það líka ein-hverjum öðrum. Kannski finnst fólki þetta ekki spennandi núna en gæti þótt það eftir tuttugu ár.

Það var erfitt að sannfæra fólk um mikil-vægi þess að taka upp þetta verk. Tónlistin er ekki mjög útvarpsvæn. En ég er samt viss um að eitthvað af þessum lögum verði á safnplötunni Svona er sumarið 2006 eða jafnvel í Eldhúspartíi FM957. Það er kominn tími til að tíu mínútna instrúmental músík verði á slíkum skífum,“ segir Barði og stekk-ur ekki bros á vör.

Hvað geturðu gert til að fylgja eftir svona plötu eins og Haxan?

„Ekki neitt. Ekki fer ég með áttatíu manna sinfóníuhljómsveit á sveitaball í Ídali. Það

sem fólk getur gert er að setja diskinn í græjurnar inni í stofu og ýta á „play“.

Barði er oftast kenndur við hljómsveit sína Bang Gang. Þessa dagana er hann að vinna að nýrri plötu sveitarinnar og vonast til að ljúka henni í september.

„ÉG HAFÐI KYNNT MÉR ÞETTA VEL OG HLUSTAÐ Á UPPTÖKUR ÞEIRRA ENDA BÓKAR HELD ÉG ENGINN ÁTTATÍU MANNA SIN-FÓNÍUHLJÓMSVEIT Í BÚLGARÍU Í EINHVERJU RUGLI, ÞETTA ER EKKERT EINS OG AÐ PANTA PITSU.“

MISSKILNINGUR UM FRÆÐ LEIÐRÉTTUR

Bang Gang hefur vegnað vel í sumum Evrópulöndum og því spurði ég Barða út í frægðina í Frakklandi sem er hálfgerð bæki-stöð hljómsveitarinnar „Það er algengur misskilningur að fólk haldi að ég sé orðinn

eitthvað frægur í Frakklandi. Ég hef aldrei sagt það og ég veit ekkert hvaðan það er komið. Jújú, það gengur ágætlega og það eru einhverjir sem vita af plötunum manns.“

En hvernig er það, ertu alveg hættur að vera fyndinn?

„Ég hef aldrei verið fyndinn. Ég er mjög alvarlegur og grínast aldrei. Hlátur afmynd-ar á manni andlitið og má það nú varla við því. Mér finnst grín ömurlegt.“

Aðspurður um framtíðina er Barði frekar dulur. Plata með Bang Gang kemur út í haust eins og áður segir en auk þess er hann að vinna að öðrum verkefnum sem hann vill ekki segja frá að svo stöddu. „Það kemur í ljós á næstu mánuðum hvað það er. En mér finnst allt sem ég er að gera mjög skemmti-legt,“ segir Barði. Í þann mund klárast súperdós blaðamannsins og tími kominn til að kveðja tónlistarmanninn síhressa.

hjorvar@minnsirkus.is

9



Samfylkingin | Reykjavík 2006

Borgarstjórnarkosningar
27. maí

Kjósum borgarstjóra

Við treystum Degi B. Eggertssyni og Samfylkingunni best til þess að leiða áframhaldandi uppbyggingu Reykjavíkur.



KARL TH. BIRGISSON
BLAÐAMAÐUR



BRAGI ÞORFINNSSON
ALÞJÓÐLEGUR SKÁKMEISTARI



BRAGI ÞÓR HINRIKSSON
KVIKMYNDAGERÐARMAÐUR



BJARNI LÁRUS HALL
HEIMSPEKINEMI OG SÖNGVARI



ELLERT B. SCHRAM
FYRRV. FORSETI ÍSÍ



EVA KAABER
FULLTRÚI



DAGBJÖRT HÁKONARDÓTTIR
LAGANEMI



GUÐNÝ ELLA THORLACIUS
NEMI



GUÐRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
FYRRV. FORSTÖÐUKONU



AFUR H. TORFASON
KMYNDAGAGNRYNANDI



HLÍN GUÐJÓNSDÓTTIR
IÐJUPJÁLFI



HEIÐA BJÖRG HILMISDÓTTIR
FORSTÖÐUKONA



VANDA SIGURGEIRSDÓTTIR
LEKTOR VIÐ KHÍ



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
ALÞINGISMAÐUR



SIGURÐUR BESSASON
FORMAÐUR EFLINGAR



SKA MARÍA BRAGADÓTTIR
SLUNAREIGANDI



ORRI PÁLL DÝRASON
TROMMULEIKARI



HRANNAR B. ARNARSSON
FORSTÖÐUMAÐUR



HÖRÐUR SVEINSSON
LJÓSMYNDARI



JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON
TÓNLISTARMAÐUR



ÞÓRHALLUR SKÚLASON
TÓNLISTARMAÐUR



ÞRÚÐUR EINARSDÓTTIR
ASAÞNSFRÆÐINGUR



ÁGÚST BENT SIGBERTSSON
LISTAMAÐUR



KRISTÍN Á. ÓLAFSDÓTTIR
FYRRV. BORGARFULLTRÚI



BJÖRN B. BJÖRNSSON
LEIKSTJÓRI



SARA EYÞÓRSDÓTTIR
VERSLUNAREIGANDI



ARNA H. JÓNSDÓTTIR
LEKTOR



ÓLAFUR GUÐMUNDSSON
SUGÆSLULÆKNIR



ELÍSABET DAVÍÐSDÓTTIR
FYRIRSÆTA



FRÍÐRIK ÞÓR GUÐMUNDSSON
BLAÐAMAÐUR



GÍSLI SIGURÐSSON
ÍSLENSKUFRÆÐINGUR



TÓMAS R. EINARSSON
TÓNLISTARMAÐUR



GUÐMUNDUR GEORGSSON
LÆKNIR



ÞÓÓR GUÐMUNDSSON
ÓFUNDUR



EINAR MÁR GUÐMUNDSSON
RITHÓFUNDUR



SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR
RITSTJÓRI



HECTOR ANGARITA
VERKFRÆÐINGUR





SJÓN ER SÖGU RÍKARI

Það er tími útskrifta núna sem þýðir sýningar, veisluhöld og að sjálfsögðu mikil gleði. Að þessu sinni vildi Sirkus kíkja á undirbúning nemenda í Ljósmyndaskóla Sissu og sjá hvernig allt gengi. Sirkus ræddi við fjóra nemendur af því tilefni og fylgdist með undirbúningnum. „Að þessu sinni eru það 14 nemendur sem útskrifast og af því tilefni er sýning á laugardaginn,“ segir Sissa. „Þetta eru mjög mismunandi verk hjá þeim og því mjög athyglisvert að koma og kíkja,“ segir Sissa stolt af nemendunum. Útskriftarsýningin er laugardaginn 27. maí að Hólmaslóð 6 og mun hún standa fram yfir annan í hvítasunnu og er opin á milli 16:00 til 21:00.



ALLTAF FLOTTUR ÞEGAR MAÐUR ER NAKINN
Ásgerður Egilsdóttir er 20 ára fyrrverandi iðnskólaniemi og nú þremur árum síðar ákvað hún að láta slag standa og skella sér í Ljósmyndaskóla Sissu. *Hvað lærðirðu á náminu?* „Vá, ég komst að öllu, ég vissi ekki neitt og var algjör amatör í þessum efnum og er það enn,“ segir Ásgerður hress. *Getur þú sagt mér frá útskriftarverkefninu?* Þetta eru nektarmyndir, tvær gagnkynhneigðar stelpur, þetta er mjög sensual, köllum það bara nude. Verkið heitir í raun Nude en stelpurnar eru saman á mynd og þetta kemur ofsalega vel út. Ég tók myndirnar í stúdíói af því mér finnst það svo fallegt. Þetta eru ekki pornó-myndir heldur mjög fallegt og létt. *Af hverju nektarmyndir?* „Það er nú frekar persónulegt val og búið að vera í hausnum á mér í langan tíma. Mér finnst nekt svo falleg, alveg sama hver það er eða hvernig maður er í laginu, þá er maður alltaf flottur þegar maður er nakinn,“ segir Ása um val á verkefni.



EKKERT NEMA ÚTSKRIFTARVERKEFNIÐ KEMST AÐ
Thelma Gunnarsdóttir er 22 ára krabbi sem var au-pair í New York og tók þar einn kúrs í ljósmyndun. Þar fékk hún bólu og ákvað að sjá hvernig landið liggur og kaus Ljósmyndaskóla Sissu. *Reynsla?* Það er nú New York-kúrsinn sem ég tók í School of Visual Arts en svo hef ég verið með áhuga síðan ég var pínulítill. En ég hef meiri áhuga fyrir fólki og mannlífi frekar en dauðum hlutum.




Getur þú sagt mér frá útskriftarverkefninu? Ég tek níu myndir úti í umhverfinu, það er eitt módel á hverri mynd en það er ekkert sérstakt þema þannig. Þetta eru mjög dramatískar myndir og allar teknar í gömlu umhverfi, í eyðibýlum, gömlum húsum og þannig. *Hvað lærðiru á ferlinu?* „Aðallega fljót vinnubrögð, eins og þegar ég tók mynd í vatni þá þurfti að hafa hröð vinnubrögð svo módelið myndi ekki krókna úr kulda,“ segir Thelma og hlær. *Hverju ertu upptekin af þessa stundina?* „Engu nema útskriftarverkinu, það kemst ekkert annað að þessa stundina,“ segir Thelma sem er á fullu.



NÍU MYNDIR AF NÝVÖKNUÐU FÓLKI
Bergljót Þorsteinsdóttir er 32 ára vatnsberi og er í barneignarleyfi frá flugfreyjunni og af því tilefni ákvað hún að læra ljósmyndun hjá Sissu. *Hvers vegna þetta nám?* „Ég vinn sem flugfreyja og var í barneignarleyfi og ákvað að prófa eitthvað nýtt og taka mér frí í fluginu á meðan,“ segir Bergljót ánægð með námið. En ég hef í nógu að snúast er með tvö stráka núna og annað á leiðinni núna í ágúst,“ segir Bergljót og skellir upp úr. *Hverju ertu upptekin af þessa dagana?* „Ég er á fullu að undirbúa sýninguna fyrir laugardaginn og klára skólann með stæl. En svo ætlum við fjölskyldan að skella okkur til Krítar að sleikja sólina í tvær vikur. En síðan bara taka myndir á fullu en aðalverkefnið er að eiga þetta barn í ágúst,“ segir Bergljót glöð í bragði. *Getur þú sagt mér frá útskriftarverkefninu?* „Útskriftarverkefnið eru níu myndir af nývöknudum fólki. Þetta eru svart-hvítar myndir og flest allt vinir eða vanda-menn. Það er ekkert svo auðvelt að dropa inn á hvern sem er og því urðu vinir og vandamenn fyrir valinu, svona þeir sem standa mér næst,“ segir Bergljót og skellir upp úr.



ÁTTA GOÐ OG MELLI
Sigurður Gunnarsson er 28 ára áhugahljósmyndari sem ákvað að láta drauminn verða að veruleika og skellti sér til Sissu. *Reynslan?* „Ég hef verið að taka myndir sem áhugahljósmyndari í svona 2 ár, ég hef bara svo gaman af ljósmyndun og skoða fallegar myndir,“ segir Sigurður ánægður með námið. *Getur þú sagt mér frá lokaverkefninu?* „Ég er með tvö verkefni annað heitir Goðar Íslands þá er ég að taka portrett-myndir af öllum átta goðunum í ásatrúarfélaginu, þar sem þeir standa í sínu goðorði, sem er þeirra svæði. Ég er menntaður sagnfræðingur og fannst þetta vanta, ljósmyndir eru ákveðnar heimildir og þetta vantaði að mínu mati. Hitt verkið mitt heitir ekkert sérstakt en ég kalla það Melli. Vinur minn hann Höskuldur eða Melli eins og hann er kallaður fékk krabbamein núna í byrjun árs og fór í lyfjameðferð. Melli gaf mér leyfi til að fylgja sér og taka myndir af meðferðinni. Myndirnar eru af honum í sínu daglega amstri, hvor sem það er heima, með vinunum, uppi á spítala eða annars staðar,“ segir Sigurður þakklátur. *Hverju ertu upptekin af þessa stundina?* „Ég var að eignast stelpu núna 9. maí þannig að ég er í rosalegum pabbaleik. Fyrir utan lokasýninguna þá er það hún Her-dís Sigurðardóttir sem á allan minn hug og hjarta,“ segir hún. *Hvað á að gera í sumar?* „Ég ætla að aðstoða Sissu að taka myndir í brúðkaupum og ala stelpuna upp,“ segir Sigurður og skellir upp úr. sigga@minnsirkus.is

A shirtless man with a muscular build is standing on a rooftop at night. He is holding a large knife in his right hand, raised high, and his left arm is extended outwards. He is wearing dark jeans. The background shows a city skyline with illuminated buildings under a dark sky. The overall mood is gritty and dramatic.

new store

Kringlan

Opnunartilboð
24. - 26. maí

-40% af
131 Engineered

eu.levi.com

Levi's store - Kringlan - Smáralind

HVERNIG TÝPA ERTU?

SPURNINGAR

1. ÞÚ ERT AÐ FARA Í FERDALAG OG ÞÚ ÞARFT AÐ VELJA EINN ÁFANGASTAÐ, HVAÐ VELUR ÞÚ?
a.skóg b.foss c.fjöll og kletta d.hótel e.tjaldúti-legu f.vatn og læk

2.ÞÚ ÆTLAR AÐ HVÍLA ÞIG, HVERNIG FERÐU AÐ?
a. lest b.hlustar á tónlist c. horfir á sjónvarpið d. dáist af idolinu þínu og lætur þig dreyma e.færð þér blund

3. HVER ER UPPÁHALDSLITURINN ÞINN?
a.grænn b.blár c.brúnn d.rauður e.grár f.svart-ur g.fjólublár h.gulur

4. ÞÚ STENDUR HJÁ VATNI, HVAÐ ER Í VATNINU?
a.bátur b.laufblað c.svanur d. bensínrákir/olíu-pollur

5. HVER ER UPPÁHALDSÁVÖXTURINN ÞINN?
a.melóna b.epli c.pera d.banani e.ananas f.appelsína g.kirsuber h.greip



- 2.
- a. Þú ert varkár manneskja, þú velur vini þína vel og vandlega. En þú ert sannur vinur og rausnarlegur, kemur þeim á óvart og gerir þeim glaðan dag. Þú ert viðkvæmur og gætinng og finnst gott að hugsa. Þú ferð þér hægt og tekur lífinu með ró.
- b. Þú elskar spennu, það er stutt í það að þú sért spennufíkill. Þú ert málgefinn og átt auðvelt með að eignast vini og ert frekar félagslyndur að eðlisfari.
- c. Þú ert einstaklega raunsær og frekar ihaldsamur karakter. Þú ert mjög sanngjarn og frekar beinskeittur.
- d. Þú ert með mikið ímyndunarafl og rómantískur. Þú sérð oft ekki muninn á raunveruleika og óraunveruleika. Þú ert mikil tilfinningavera og frekar mikill stríðspúki.
- e. Það er hægt að reiða sig á þig í einu og öllu. Þú ert kannski eilítið of varkár og óákveðinn. Þú gerir sjaldan mistök þar sem þú ert alltaf á bremsunni en mundu að ef þú tekur ekki áhættu missirðu af vinningnum.

- 4.
- a. Þú hefur Lukku Láka-sjarma, harður nagli en ómótsæðilega flottur á því. Þú ert hugrakkur og heppinn.
- b. Þú ert frekar latur og þreyttur á því sem þú ert að gera í lífinu.
- c. Þú ert rómantíkus af guðs náð og ekki svo metnaðar-gjarn.
- d. Þú ert taugaóstyrkur karakter og allt of gætinng á allt og alla.



- 5.
- a. Þú berð af í þokka og feimnislegt fas þitt lætur hvern sem er kíkna í hnjónum. Þú ert metnaðarfullur einstaklingur og ert ekki sammála öllum. Þú stendur fast á skoðunum þínum en veist ávallt þitt hóf. Þú þráir peninga og háa stöðu.
- b. Þú hefur þínar aðferðir til að taka á hlutunum, það leiðir oftast til góðra málaloka. Þér er treyst, þú ert tillitsöm og kurteis persóna í alla staði.
- c. Þú ert málamiðlari og varkár hvað varðar deilur og rökræður, þú hlustar vel og leggur svo eitthvað til málanna. Þú átt auðvelt með samvinnu og samskipti við aðra en það eina sem heftir þig er neikvæðni.
- d. Þú ert sleipur karakter, ef þú ert karlmaður þá ertu mjög félagslyndur og átt auðvelt með að falla inn í hópinn. Ef þú ert stelpa ertu svolitill tom-boy karakter. Hvort kynið sem þú ert þá ertu oftast í góðum málum hvað varðar vinnu og fjármál.
- e. Þú ert metnaðarfullur og vilt ná langt. Þú elskar spennu og hættur og þefar þær uppi eins og óður maður. Þú átt þér stóra drauma og fylgir þeim eftir nema átt það til að villast á vegi þínum ef meiri spennna biðst.
- f. Þú ert næmur á líðan annarra en þinn löstur er að þó þér líði illa þá heldurðu áfram að brosa þar til þú brotnar niður. Þér líður best í faðmi fjölskyldu og vina og finnst einstaklega gaman að spjalla.
- g. Þú ert drottning eða kóngur og ekkert annað dugir. Þú ert með sjarma sem getur platað hvern sem er, þú getur fengið hvern sem er með þér í lið. En á móti kemur að þú átt erfitt með að tjá tilfinningar þínar og segja hvað þér sjálfum finnst. Feimnin getur valdið því.
- h. Þér finnst gott að vera einn, þú ert ljóðrænn og berð gott skynbragð á fegurð. Þeir sem ekki þekkja þig vel finnst þú frekar kaldur einstaklingur og verður það því órólegt í kringum þig.



FJÖLNIR MÆTTI VERA MEÐ MEIRA DJÚSÍ TALHÓLF.

EKKI NÓGU DJÚSÍ

Fjöl nir Þorgeirsson athafnamaður er með skýra og greinilega talhólfskveðju:

„Þetta er Fjöl nir ég er ekki við eins og er. En leggið inn skilaboð og ég mun hafa samband eins fljótt og ég get. Takk og bless.“

Fjöl nir er alltaf mjög plöggaður á því. Alla daga. Hann er alltaf vinalegur á því og virkilega ferskur. Engu ábótavant hvað ferskleika varðar í þessari kveðju. Hann mætti skreyta hana með einhvers konar krúsidúllum eins og til dæmis að hafa hana líka á ensku. Mætti vera örlítið kryddaðara.

★★★★★



MANNAÖFN VIKUNNAR

LÖGLEG – EN VESALINGS BÖRNIN

Austar Kort – Hljómar eins og veðurspá hjá Sigga Stormi Hagbarður Hagbert – Dæmdur til að verða hagfræðingur.
Ingimagn – Lýsingarorððið „kyngimagnaður“ verður oft „Ingimagnaður“ í munni eineltissegga.
Eöna – Allir halda að hún heiti Erna og kunni ekki að segja „R“ þegar hún kynnir sig.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

MMMMMMMM SAKIS

Heimasíða vikunnar að þessu sinni er www.sakis-star.com/. Síðan er tileinkuð gríska söngvaranum og kyntröllinu Sakis Rouvas, sem kynnti einmitt Eurovision-keppnina. Á síðunni má sjá fullt af sexi myndum af drengnum, öll heitustu lögin hans, myndbönd auk texta. Þessi síða er algjört möst fyrir þá sem njóta þess að horfa á fallegan karlmann syngja. Reyndar ku hann samkvæmt fréttaskeytum vera samkynhneigður en það er þó ekki staðfest.



SIRKUSTVÍFARAR



IAN MCKELLEN



ÞRÁINN KARLSSON

Þeir eru miklar kempur tvífarar vikunnar. Annars vegar er það Ian McKellen sem fer á kostum í myndinni The Da Vinci Code sem er í kvikmyndahúsum þessa dagana. Hins vegar er það Þráinn Karlsson sem fer á kostum í leikverkunum Fullkomnu brúðkaupi og Litlu hryllingsbúðinni. Báðir eru þetta miklir reynsluboltar á leiklistarsviðinu enda báðir gamlir og góðir á því.

Hið jákvæða hlutverk Orkunnar



Orkan varð við áskorun útvarpsstöðvarinnar Kiss FM og leyfði útvarpsmönnum að leika sér með eldsneytisverðið góða dagsstund. Ætlaði allt vitlaust að verða þegar verðið lækkaði um ríflega þriðjung á Miklabrautinni.



Orkan reið á vaðið með stofnun fyrstu sjálfsafgeiðslustöðvanna og er fyrir vikið brautryðjandi í lækkun bensínverðs hér á landi.

Orkan hefur alla tíð kappkostað að bjóða lægsta eldsneytisverðið á markaðnum.

Orkan fann upp Bensínfrelsið, fyrirframgreitt bensínkort sem veitir 3 krónu viðbótarafslátt af eldsneytislítranum.



Þegar Orkan opnar bensínstöðvar á landsbyggðinni, þá er ekki beðið eftir að fólkið skili sér á stöðina, heldur eru heilu bæirnir sóttir og haldið til opunarhátíðar í skrudgöngu. Gott málefni fær myndarlegan stuðning og góðgæti er hesthúsað við undirleik.

Fyllum Orkustöðvarnar.

með kveðju frá starfsfólki Orkunnar



ÞAÐ MUNAR UM MINNA



NÝJA OG ÁRA
VOPNIÐ VIÐ

GARNIER

Bólu p
purra

Það er san
notkun, ve

Pornunara

Hreinni h

Prófað af h

Sjáið sjálf!

sjá en heil

Áh
vís

svitaholurna

* Prófað af 129 k

Garnier Pu
Krónunni,

GURSRÍKA ÓHREININDUM*

R PURE

inn, sem pp allar bólur

rangur sést strax við fyrstu
úphreinsiáhrifa í efnablöndunni.

85%*

4%*

kdómalæknum.

r ekki lengur annað að

og hreina húð.

nnuð með
jum hætti

svitaholurnar eftir

r af upplifðu 85% / 84% greinileg áhrif.

st í Fjarðarkaup, Hagkaupum,
og Nóatúni.

Nýtt



GARNIER

SETH SHARP ER PRINCE-AÐDÁANDI Í HÚÐ OG HÁR. Í FYRRASUMAR HÉLT HANN TRIBUTE-TÓNLEIKA TIL HEIÐ-
URS LISTAMANNINUM VÍÐ GÓÐAR UNDIRTEKTIR. NÚNA SNÝR HANN AFTUR MEÐ BETRUMBÆTTA SÝNINGU.



Sirkusmynd – Valtí

„ÉG MUN SYNGJA Á NÆRBUXUNUM“

GUÐBJÖRG OG SETH SNÚA BÖK-
UM SAMAN Á PRINCE TRIBUTE-
TÓNLEIKUM Á GAUKNUM.

„Það verður hraðara tempó í þessari sýningu. Meira danspartí,“ segir Seth Sharp sem mun halda tvenna Prince tribute-tónleika á Gauki á Stöng. Hann hélt tónleika í fyrra með efni popparans smávaxna en þessir eru með breyttri uppröðun. Ný hljómsveit og ný söngkona.

SÖNGKONA ÚR IDOLINU

Söngkonan sem um ræðir er Guðbjörg Elísa Hafsteinsdóttir. „Hún kom til mín í raddþjálfun og ég sá strax að það er mikið spurnið í þessa stelpu. Hún er tvímælalaust með þennan X-faktor,“ segir Seth sem hefur verið með fjölda listamanna í raddþjálfun. Ber þar fyrst að nefna bandarísku stórstjörn-

urnar í Scissor Sisters. Guðbjörg kemur til með að syngja bakraddir en einnig mun hún syngja lagið Nothing compares to you sem hún söng einnig í Idolinu.

NÆRBUXNASÝNING

Seth Sharp ætlar að koma með eina drastíska breytingu á tónleikasýningunni. „Ég mun syngja á nærbuxunum,“ segir hann og hlær. „Ég er búinn að vera alveg á fullu hjá einkaþjálfara í vetur til þess að koma mér í form. Nú er ég ekki lengur feitur.“

Hvað tekurðu í bekk?
„Ég reif vöðva þannig að ég hef ekkert verið að taka bekkinn með stöng. Ég nota bara handlód,“ segir Seth mjög vanur.

MICHAEL JACKSON RÉÐIST Á PRINCE

Seth fékk hugmyndina að því að vera á nærbuxunum frá meistaranum sjálfum – Prince. „Ég sá hann þannig á tónleikum og það var mjög flott. Það opnaði nýjar víddir að sjá hann á nærbuxunum,“ segir Seth og hlær. „Það réðist á hann Michael Jackson eftirherma á þessum tónleikum. Ég vona að ein slík mæti á mína tónleika,“ segir Seth.


En heldurðu að Prince sjálfur mæti?
„Ég set hann allavega á gestalistann.“

Hægt er að nálgast miða á sýninguna hjá Seth á midi.is og í Skífunni.

soli@minnsirkus.is

BIKINÍ BOMBA

NÚ ER KOMINN TÍMI TIL AÐ HENDA AF SÉR SPJÖRUN-
UM OG SKELLA SÉR Í SUND. ÁÐUR EN ÞAÐ ER GERT ER
ALGJÖRT MÖST AÐ KÍKJA Á SUNDFATNAÐINN OG SJÁ
HVORT KOMINN SÉ TÍMI TIL AÐ ENDURNÝJA.



EDEN





1

MARGRÉT A. LARSDÓTTIR

Hvaða lagi hélstu með í Eurovision? Með Finnlandi.
Hvað er mikilvægast í fari karlmannna? Að þeir séu hreinskilnir og hressir og skemmtilegir.
Með hvaða manni myndirðu helst vilja eyða einni helgi í sumarbústað? Colin Farrell.



2

EYDÍS EIR BJÖRNSDÓTTIR

Hvar er besta djammíð í heiminum? Bara allt þýskaland og Pravda.
Hvað er rómantík? Kerti og kynlíf.
Hjá hvaða manni í allri mannkynssögunni langar þig mest að sofa hjá? Clive Owen.



3

HELGA MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR

Hver er djammdrykkurinn þinn? Captain í Coke.
Hvað er best við Pravda? Fjölbreytni af fólki, alls konar týpur.
Á að skella sér eitthvað út í sumar? Nei ekki þetta sumarið. Eða jú ég skelli mér til Eyja.



4

SIGRÍÐUR KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR

Hver er fyndnastur? Davíð Oddsson er algjör krúttbangsi.
Dansa eða chilla við barinn? Dansa, alveg tvímælalaust.
Furðulegasti staður sem þú hefur gert það á? Í lyftunni í Krínglunni og hún er úr gleri.

PRAVDA-PRINSESSAN 2006

PRAVDA Í SAMSTARFI VIÐ SÓLBAÐSSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF STENDUR FYRIR KEPPNINNI, PRAVDAPRINSESSAN 2006. HALDNAR VERÐA ÁTTA UNÐANKEPPNIR, EIN Í HVERJU BLAÐI OG ER ÞESSI SÚ ÁTTUNDA OG SÍÐASTA. SIGURVEGARINN ÚR HVERRI KEPPNI FER SÍÐAN Í LOKAKEPPNI ÞAR SEM FERÐ FYRIR TVO TIL EVRÓPU Í BÖÐI ICELAND EXPRESS ER Í AÐALVERÐLAUN. STELPURNAR Í KEPPNINNI ERU VALDAR Á LAUGARDAGSKVÖLDUM Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. FJÓRAR ERU MYNDAÐAR Á HVERJU KVÖLDI OG ÞÆR KEPPA SÍÐAN Í NÆSTA TÖLUBLAÐI SIRKUS. SÚ SEM FER ÁFRAM Í HVERT SKIPTI FÆR AÐ LAUNUM FIMM TÍMA LJÓSAKORT HJÁ SÓLBAÐSSTOFUNNI SMART AUK 10 ÞÚSUND KRÓNA INNEIGNAR Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. KJÓSTU ÞÍNA UPPÁHALDSSTÚLKU.

VELDU ÞÍNA PRINSESSU

- ✓ SENDU SMS OG VELDU ÞÍNA PRAVDAPRINSESSU
- ✓ ÞÚ SENDIR SMSIÐ JA „NR“ Á SÍMANÚMERIÐ 1900
- ✓ EF ÞÚ VILT TIL DÆMIS GEFA STELPU NR 2 ÞITT ATKVÆÐI SENDIR ÞÚ SMS-SKEYTIÐ JA 2
- ✓ MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í VALINU GETUR ÞÚ UNNIÐ FÖTU AF SMIRNOFF ICE Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA
- ✓ 99 KR SMS-IÐ



MARINA VANN

Í síðustu keppni var það Marina Kovasevic sem sigraði og fær hún að launum fimm tíma ljósakort frá sólbaðsstofunni Smart auk 10 þúsund króna inneignar á skemmtistaðnum Pravda.



Aðstoðum ykkur við smærri og stærri útskriftarveisur



Snittur, ostabakkar, osta og salami veisla.



OSTABÚÐIN *Delicatessen*

Skólavörðustíg 8, 101 Reykjavík – Pöntunarsími: 562 2772

SKEMMILEG SKÖPUNARGLEÐI

ÞAÐ MÁ EKKI GLEYMA HAFNFIRÐINGUM ÞRÁTT FYRIR AÐ AÐSETUR SIRKUSS SÉ MIÐSVÆÐIS. SKÓLASTARFIÐ Í HAFNARFIRÐI ER Í BLÓMA OG ÞAR SEM VIÐ VILDUM GRENNSLAST FYRIR UM FRAMTÍÐARLISTASPÍRUR BÆJARINS BÖNKUÐUM VIÐ UPP Á HJÁ NEMENDUM Í IÐNSKÓLANUM Í HAFNARFIRÐI. ÞAR ER ÚT-SKRIFTARSÝNING NEMENDA Í FULLUM GANGI OG GETA GESTIR OG GANGANDI LITIÐ ÞAR VIÐ FRÁ 14:00-17:00 ALLA VIRKA DAGA. AÐ ÞESSU SINNI ÚTSKRIF-UÐUST 54 NEMENDUR OG VIÐ SMELLTUM OKKUR Á LOKASÝNINGUNA OG TÖLUÐUM VIÐ ÞRJÁ NEMENDUR SEM VORU MEÐ VERK Á SÝNINGUNNI.



VILDI NÁ SVEITASTÍLNUM BURT

Sveinbjörg Gunnarsdóttir er 39 ára og var á útstillingabraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Sveinbjörg vann 1. verðlaun fyrir hönnunargripi og af því tilefni ákváðum við að spjalla við hana um gang mála.

Hvernig stóð á því að þú valdir þetta? „Ég vann í flokknum umbúðir og lógó fyrir Pipar og salt. Ég valdi það fyrirtæki vegna þess að mér fannst það áhugavert. Ég vildi gera þetta nútímalegra og meira að þeirra smekk, miðað við þann varnig sem þeir eru að vinna með. Vildi ná þessum sveitastíl af þeim. Helsta breytingin sem ég vildi ná fram var að gera þetta nútímalegra og ná sveitalúkkinu af.

Hverju komst þú að í ferlinu? Það var aðallega það að það kviknaði rosa-legur áhugi á grafískri hönnun hjá mér.



LÆRA AÐ LÆRA AFTUR

Valur Arnarson er 44 ára og var að ljúka námi af Listnámsbraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði. Valur vann 3.verðlaun fyrir hýsi /skýli sem var unnið úr pappa og frauðplasti .

Hvers vegna ákváðstu að læra þetta? „Ég hef verið að vinna með skóla en hef lengi látið mig dreyma um frekara nám. Ég er lærður húsgagna- og húsasmiður en vildi bæta aðeins við mig. Það er alveg meiriháttar breyting að setjast á skólabekk eftir 20 ár, maður þarf að læra að læra aftur,“ segir Valur hress í bragði.

